

Nefndasvið Alþingis – umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8 - 10  
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 30. maí 2016  
UST201605-058/A.B.B.  
04.01

## Frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs og ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur (þingskjal 1098 – 670. mál)

Vísað er til erindis frá nefndasviði Alþingis til Umhverfisstofnunar dags. 4. maí sl. og tölvupóstar frá 27. maí sl. varðandi umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs og ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur (þingskjal 1098 – 670. mál).

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið. Stofnunin óskar einnig eftir að mæta á þá fundi hjá umhverfis- og samgöngunefnd sem málið varða til að svara mögulegum spurningum nefndarmanna.

1. Stofnunin telur rétt að 3. mgr. 64. gr. a, um endurvinnsluáætlanir nái ekki yfir skip sem eru minni en 500 tonn, sbr. viðkomandi reglugerð Evrópusambandsins nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa. Ef vilji er til þess að gerðar séu endurvinnsluáætlanir fyrir skip sem eru minni en 500 tonn telur stofnunin rétt að það sé viðkomandi leyfisveitandi sem fari yfir þær.
2. Varðandi úrgangstölfærði, þá er vissulega mikilvægt að hún liggja fyrir og sé góð. Ekki hefur verið skýrt nógu vel í lögnum eða frumvarpi, hvort þau markmið sem sett eru, séu sett á landsvísu eða hvort einstök sveitarfélög, eða þau sveitarfélög sem sameinast um svæðisáætlanir eigi að ná þeim markmiðum. Þau fyrirtæki sem starfa á landsvísu, hafa hingað til skilað heildargögnum en ekki eftir sveitarfélögum. Sé vilji til að gera tölfærðina ítarlegri þá felst einnig meiri vinna í því fyrir stofnunina og því er nauðsynlegt að kostnaðarmeta þá innsöfnun og úrvinnslu. Sjá einnig nýja úttekt Ríkisendurskoðunar á vefsíðunni [http://rikisendurskodun.is/wp-content/uploads/2016/03/Medhondlun\\_heimilisurgangs\\_skyrslan.pdf](http://rikisendurskodun.is/wp-content/uploads/2016/03/Medhondlun_heimilisurgangs_skyrslan.pdf).
3. Varðandi heimildir stofnunarinnar til beitingu stjórnvaldssekta í ákveðnum tilvikum þá bendir stofnunin á að í dag hefur hún svipaðar heimildir samkvæmt efnalögum. Stofnunin mun byrja á að beita vægustu úrræðum hverju sinni í samræmi við meðalhófsregluna, en í tilteknum tilfellum hefur brot átt sér stað og þvingunarúrræði geta engu bætt úr þar. Dæmi um slíkt væri til dæmis útflutningur spilliefna án tilskilinna tilkynninga og samþykka frá móttökulandinu. Markmið með beitingu stjórnvaldssekta er að hafa úrræði til að takast á við að brot sé framið og viðkomandi aðili hafi hagnast á því.
4. Varðandi skráningarkerfi framleiðenda- og innflytjenda, þá er það skrá yfir aðila sem bera framleiðendaábyrgð og greiða úrvinnslugjald og uppfylla þannig skyldur sínar. Stofnunin fær upplýsingar um þá lögaðila sem greiði úrvinnslugjald frá Tollstjóra, sem og upplýsingar frá Ríkisskattstjóra fyrir skráningarkerfið. Einungis þeir sem eru í skráningarkerfi eiga að greiða úrvinnslugjald, þ.e. þeir sem bera framleiðendaábyrgðina, sbr. tilskipun Evrópusambandsins 2012/19/ESB. Markmiðið með tilskipun ESB er að með framleiðendaábyrgð sé verið að skapa hvata

til að draga úr myndun úrgangs og auka vistvæna hönnun. Til þess að þau markmið náist þarf að vera ljóst hverjir bera þessa ábyrgð.



Agnar Bragi Bragason  
lögfræðingur

Virðingarfyllt



Svava Pétursdóttir  
sérfræðingur

